

## E R I N D I S B R É F

### Samráðshópur um Sundabraut

Ábyrgðaraðili:

Borgarstjóri

Inngangur:

Á fundi borgarstjórnar 17. október 2023 var samþykkt að skipa samráðshóp um Sundabraut. Hópnum er ætlað að vera til stuðnings og samráðs við vinnslu umhverfismats, mat á valkostum og undirbúnинг breytinga á skipulagi í tengslum við framkvæmdina. Hópurinn verður samansettur af kjörnum fulltrúum og fulltrúum íbúaráða og íbúasamtaka. Til grundvallar vinnu hópsins liggar yfirlýsing borgarstjóra og innviðaráðherra frá 6. júlí 2021 og þær spurningar sem settar eru fram í lýsingu að aðalskipulagi og matslýsingum umhverfismats, auk ábendinga og spurninga sem kunna að koma upp í vinnu hópsins og eftir atvikum frekara samráði.

Hlutverk og helstu verkefni:

Tryggja að hugað sé að hagsmunum íbúa og nærsamfélags varðandi útfærslu Sundabrautar. Vera til stuðnings við mat á valkostum og bestu leiðum og tryggja hagsmuni fjölbreyttra ferðamáta og huga að hugsanlegum neikvæðum áhrifum af framkvæmdinni og hvernig þeim megi mæta með útfærslu hennar og hugsanlegum mótvægisáðgerðum. Þá fylgi hópurinn eftir áherslum borgarinnar einsog þær birtast í sameiginlegri yfirlýsingu innviðaráðherra og borgarstjóra frá 6. júlí 2021.

Samstarfshópinn skipa:

Einar Þorsteinsson, formaður borgarráðs, formaður

Birkir Ingibjartsson

Dóra Björt Guðjónsdóttir

Hildur Björnsdóttir

Líf Magneudóttir

Fulltrúi íbúaráðs Laugardals

Fulltrúi íbúaráðs Grafarvogs

Fulltrúi íbúaráðs Kjalarness

Fulltrúi íbúasamtaka Laugardals

Fulltrúi íbúasamtaka Grafarvogs

Fulltrúi íbúasamtaka Kjalarness

Starfsmaður samstarfshópsins :

Starfsmaður kemur frá umhverfis- og skipulagssviði

**Til ráðgjafar og samstarfs:**

Samráðshópurinn leitar ráðgjafar sérfræðinga Reykjavíkurborgar, Vegagerðarinnar og Faxaflóahafna, eins og þurfa þykir.

**Starfstími:**

Samráðshópurinn starfi á meðan að vinnu að umhverfismati, skipulagi og hönnun verkefnisins stendur, þmt leiðarval og útfærslu einstakra hluta framkvæmdarinnar.

Reykjavík, 19. október 2023

Dagur B. Eggertsson  
borgarstjóri

Fylgiskjal: yfirlýsing innviðaráðherra og borgarstjóra um Sundabraut, dags. 6. júlí 2021.



## Yfirlýsing

**Sigurðar Inga Jóhannssonar, samgöngu- og sveitarstjórnarráðherra og Dags B. Eggertssonar, borgarstjórans í Reykjavík**

Ríkið og sveitarfélögin á höfuðborgarsvæðinu hafa átt gott og náið samstarf um uppbyggingu samgönguinnviða undangengin misseri. Stærsti þátturinn í því er samgöngusáttmáli fyrir höfuðborgarsvæðið sem undirritaður var 26. september 2019. Meginmarkmið hans er að stuðla að greiðum, skilvirkum, hagkvæmum og öruggum samgöngum og stuðla að því að loftslagsmarkmiði stjórnvalda um sjálfbært, kolefnishlutlaust borgarsamfélag verði náð m.a. með eflingu almenningssamgangna og breyttum ferðavenjum og stuðla að auknu umferðaröryggi.

Sundabraut var ekki hluti samgöngusáttmálans en samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytið, Reykjavíkurborg, Samtök sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu, Vegagerðin og Faxaflóahafnir hafa engu að síður unnið markvisst að undirbúningi hennar samhliða vinnu við samgöngusáttmálann. Í 5. gr. samgöngusáttmálans segir jafnframt að við „útfærslu framkvæmdaáætlunar samgöngusáttmálans [verði] sérstaklega hugað að greiðri tengingu aðliggjandi stofnbrauta svo sem Sundabrautar inn á stofnbrautir höfuðborgarsvæðisins“.

Í nýrri skýrslu starfshóps um legu Sundabrautar, sem í sátu fulltrúar Vegagerðarinnar, Reykjavíkurborgar, Samtaka sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu og Faxaflóahafna, var lega Sundabrautar rýnd og þeir tveir valkostir við þverun Kleppsvíkur sem taldir eru koma til greina. Eru það annars vegar Sundabré, sem tengist Sæbraut til móts við Holtaveg og hins vegar Sundagöng.

Var það niðurstaða hópsins að Sundabré væri um 14 ma.kr. ódýrari kostur en Sundagöng miðað við frumkostnaðaráætlun, auk þess sem brúin hefði ýmis jákvæð áhrif umfram göngin, s.s. á heildarakstur og tímasparnað umferðar á höfuðborgarsvæðinu, almenningssamgöngur, hjóla- og gönguleiðir. Jarðgöng myndu á hinn bóginn hafa nokkuð minni sjónræn áhrif og brúarframkvæmdir hefðu meiri áhrif á hafnarstarfsemi á framkvæmdatíma. Ein af forsendum beggja leiða er að Sæbraut verði lögð í stokk, sbr. 5. gr. samgöngusáttmálans.

Næsta skref í verkefninu er að ljúka félagshagfræðilegri greiningu á þessum tveimur kostum við þverun Kleppsvíkur þar sem m.a. er greindur og metinn afleiddur kostnaður og áhrif á starfsemi í Sundahöfn og nærliggjandi íbúðarhverfi.

Aðilar eru sammála um að fullt tillit verði tekið til hagsmun Faxaflóahafna við Sundahöfn og að metinn verði sá umframkostnaður hafnarinnar sem með skýrum hætti megi rekja til framkvæmdarinnar, skv. nánara samkomulagi ríkis og Faxaflóahafna og rask á hafnarstarfsemi verði lágmarkaði með tilheyrandi úrbótum áður en að vegaframkvæmdum kemur.

Aðilar eru sammála um að næsta skref að aflokinni félagshagfræðilegri greiningu sé að undirbúa breytingar á aðalskipulagi Reykjavíkur sem feli í sér endanlegt leiðarval Sundabrautar. Mun það byggja á umhverfismati framkvæmdarinnar sem feli í sér samanburð valkosta og mat á líklegri þróun án framkvæmdarinnar. Rík áhersla verði lögð á samráð við íbúa og aðra hagsmunaaðila í öllum þáttum skipulags og umhverfismats.

Aðilar eru sammála um að samhliða undirbúningi skipulags og umhverfismats verði skoðaðar líklegar breytingar á dreifingu umferðar og hvernig bregðast megi við mögulegum neikvæðum áhrifum á íbúðahverfi á áhrifasvæði Sundabrautar.

Aðilar eru sammála um að Sundabraut verði ekki einungis lögð í Gufunes heldur alla leið á Kjalarnes, í einni samfelldri framkvæmd, til að ná markmiðum verkefnisins að fullu og varna því að beina umferð ekki óhóflega um íbúahverfi Grafarvogs.

Aðilar eru sammála um að gera ríkar kröfur varðandi útlit og ásýnd Sundabrautar. Verði niðurstaðan sú að Sundabréu verði fyrir valinu eru aðilar sammála að efna til alþjóðlegrar hönnunarsamkeppni um mannvirkið í ljósi þess hversu áberandi það verður í borgarmyndinni.

Sundabraut verður fjármögnuð með veggjöldum. Ekki er gert ráð fyrir fjármögnun framkvæmdarinnar úr ríkissjóði. Á sama hátt er gert ráð fyrir því að tengingar Sundabrautar við gatna og stígakerfi borgarinnar, sem með skýrum hætti leiða af framkvæmdinni, greiðist af Sundabrautarverkefninu en ekki úr borgarsjóði.

Aðilar eru sammála um að til að stuðla að breyttum ferðavenjum verði það hluti af forsendum verkefnisins að gangandi og hjólandi, auk almenningssamgangna þurfti ekki að greiða fyrir notkun hennar. Framkvæmdin taki einnig mið af umferð fyrir umferð gangandi og hjólandi og tryggi góðar hjólasamgöngur upp á Kjalarnes.


Er stefnt að því að framkvæmdir við Sundabraut geti hafist eigi síðar en 2026 og brautin verði tekin í notkun 2031, með eðlilegum fyrirvörum um niðurstöðu samráðs og umhverfismats. Aðilar eru sammála um að vinna hratt og vel að ofangreindum undirbúningi.

Reykjavík, 6. júlí 2021



Sigurður Ingi Jóhannsson

Samgöngu- og sveitarstjórnarráðherra



Dagur B. Eggertsson

Borgarstjórin í Reykjavík